

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
11. fundur 2018 (86. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 14.12.2018 kl. 10:30 í Flugturninum í Reykjavík.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Steinþór Einarsson	skipulagsnefnd
Einar Jón Pálsson	"
Kristinn Halldórsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Jón B. Guðnason	Landhelgisgæslan
Anna Margrét Tómasdóttir	Mannvirkjastofnun

1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar – breyting vegna deiliskipulags Flugstöðvarsvæðis

Staða málsins er þannig að undirrituð skipulagstillagan var send Skipulagsstofnun til afgreiðslu þann 11.12.2018.

2. Deiliskipulag Flugstöðvarsvæðis

Staða málsins er þannig að búið er að uppfæra skipulagsgögnin í samræmi við ákvarðanir sem teknar voru á síðasta fundi skipulagsnefndarinnar og hefur skipulagstillagan verið send Skipulagsstofnun til afgreiðslu.

3. Skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar

Skipulagsfulltrúi kynnti erindi frá samgönguráðuneytinu þar sem gerð er breyting á tillögu að skipulagsreglum fyrir Keflavíkurflugvöll.

4. Framkvæmdaleyfi fyrir nýtt þjónustusvæði á skipulagsreit NÞS18

Lagt var fram erindi Isavia, dags. 10.12.2018, þar sem óskað er eftir framkvæmdaleyfi fyrir gerð nýs þjónustusvæðis á skipulagsreit NÞS18.

Þjónustusvæðið er samkvæmt skipulagi sem er í endanlegu ferli hjá Skipulagsstofnun um þessar mundir sbr. lið 1. og 2. í fundargerð þessari. Skipulagsnefndin ákvað að fram færi grenndarkynning vegna skipulags reitsins og þar sem metið var að enginn hafi hagsmuna að gæta samþykkti skipulagsnefndin skipulagið.

Skipulagsnefndin samþykkti framkvæmdaleyfi fyrir gerð þjónustusvæðisins þar sem það er í samræmi við skipulag og ekki er þörf á mati á umhverfisáhrifum.

5. Deiliskipulag B – svæðis (öryggisvæðis)

Skipulagsfulltrúi og fulltrúi Landhelgisgæslunnar kynntu drög að deiliskipulagi B – svæðis. Fyrirhugað er að deiliskipulagstillagan verði kynnt nánar á næsta fundi skipulagsnefndarinnar.

6. Svæðisskipulag Suðurnesja

Formaður skipulagsnefndar greindi frá stöðu vinnu við breytingu á svæðisskipulagi Suðurnesja. Fyrirhugað er að skipulagstillagan verði auglýst í febrúar 2019 og ferlinu verði lokið í maí 2019.

7. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 1. febrúar 2019 kl. 8:15 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx